

Skólalóð Lindaskóla - Reglur um hjól og snjóþotur

Nemendum er óheimilt að fara út af skólalóðinni í útivist. Nemendum ber að temja sér friðsamlega framkomu og trufla ekki aðra í leik og starfi.

Hjól og önnur farartæki

Reiðhjól, vespur, létt bifhjól, hlaupahjól, hjólabretti og línuskautar

Nemendur eru hvattir til þess að koma gangandi eða hjólandi í skólann í samráði við foreldra sína. Hjólreiðar og önnur farartæki eru ekki leyfð á starfstíma skólans vegna slyshættu. Hjól eiga að vera í hjólagrindum á skólatíma, vespur og létt bifhjól geymist við grindverkið hjá hreystivellinum og hlaupahjól og hjólabretti geymist utandyra.

Rafmagnsvespur, bensínvespur og létt bifhjól

Vespur sem komast ekki hraðar en 25 km/klst eru ekki skráningarskyldar og þeim má aka á hjóla- og göngustígum. Létt bifhjól eru skráningarskyld og þeim má ekki aka á hjóla- eða göngustígum. Til að mega aka þeim þarf viðkomandi að vera orðinn 15 ára og hafa sérstakt ökuþróf á bifhjólið.

Ábyrgð foreldra

Foreldrar meta það hversu lengi fram eftir hausti þeir treysta barni sínu til þess að hjóla í skólann. Hafa skal í huga að samkvæmt 40. grein umferðarlaga er börnum yngri en 7 ára óheimilt að vera á reiðhjólum í umferðinni nema í fylgd með fullorðnum.

Nemendur undir 12 ára aldri eiga aðeins að hjóla á gangstéttum, göngu- og hjólreiðastígum. Fyrir hafa þau ekki þann þroska og reynslu sem þarf til að hjóla samhliða umferð. Þessar reglur eru í takt við tilmæli Samgöngustofu.

Nemendur eiga að nota hjálma og annan öryggisbúnað. Gangið úr skugga um að hjálmar séu heilir og rétt stilltir.

Hjól eiga að vera læst á skólatíma og eru þau alfarið á ábyrgð foreldra. Skólinn tekur ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að verða á farartækjum nemenda.

Snjóþotur, sleðar og rassþotur

Snjóþotur, sleðar og stórar rassþotur eru ekki leyfðar á skólalóð Lindaskóla á starfstíma hans. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

- Ákveðin slyshætta skapast í frímínútum af þessu leiktækjum þar sem mikill fjöldi nemenda kemur saman á skólalóðinni.
- Ekki er aðstaða né pláss í skólanum til að geyma þessi leiktæki.

Hins vegar eru minnstu rassþoturnar hættu- og fyrirferðaminni og mega nemendur koma með þær í skólann.

Nemendur er beðnir um að geyma sleða, snjóþotur og stórar rassþotur heima.